

**Neytendasamtökin**

**Ársreikningur 2022**

Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík

Kt. 480269-0559

# Efnisyfirlit

---

Áritun óháðs endurskoðanda .....	1
Staðfesting kjörinna skoðunarmanna .....	3
Áritun og skýrsla stjórnar .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Skýringar .....	8

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í Neytendasamtökunum

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neytendasamtakanna fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2022, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022 og efnahag þess 31. desember 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Óhæði

Við erum óháð Neytendasamtökunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Neytendasamtakanna og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef inn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- \* Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- \* Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- \* Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- \* Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- \* Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

## Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 28. júní 2023

---

Ingunn H. Hauksdóttir  
lögiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

# Staðfesting kjörinna skoðunarmanna

---

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Neytendasamtakanna staðfestum ársreikning 2022 með undirskrift okkar.

Reykjavík, 28. júní 2023

---

Hólmfríður Sveinsdóttir

---

Þuríður Hjartardóttir

# Áritun og skýrsla stjórnar

---

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmalaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Félagsmenn á árinu 2022 voru 7.685 samanborið við 7.520 árið áður og nam félagsgjaldið kr. 6.500. Fjöldi ársverka voru sex.

Stjórn Neytendasamtakanna þiggur ekki laun fyrir stjórnarsetu sína en formaður gegnir launuðu starfi. Stjórn er kosin til tveggja ára í senn.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2022 kr. 9.413.611. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 24.691.359. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. júní 2023

Stjórn:

Breki Karlsson, formaður  
Auður Alfa Ólafsdóttir, varaformaður  
Þórarinn Stefánsson, gjaldkeri  
Sigurður Mátsson, ritari  
Guðmundur Gunnarsson  
Gunnar Alexander Ólafsson  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir  
Liselotte Widing  
Ólafur B. Einarsson  
Pálmey Helga Gísladóttir  
Sigurlína G. Sigurðardóttir  
Stefán Hrafn Jónsson  
Þórey S. Þórisdóttir

Framkvæmdastjóri:

Brynhildur Pétursdóttir

# Rekstrarreikningur 2022

Rekstrartekjur	Skýr.	2022	2021
Tekjur af aðalstarfsemi .....		93.950.300	80.358.500
Aðrar rekstrartekjur .....		10.704.387	16.699.337
Tekjur vegna ECC verkefnis .....		10.334.414	7.814.227
		<u>114.989.101</u>	<u>104.872.064</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	68.468.576	61.391.110
Útgáfu- og dreifingarkostnaður .....		4.862.066	4.247.259
Húsnæðiskostnaður .....		9.030.863	11.420.247
Innheimtukostnaður .....		801.186	766.822
Annar rekstrarkostnaður .....		13.044.569	15.673.887
Kostnaður vegna ECC verkefnis .....		10.334.414	7.814.227
		<u>106.541.674</u>	<u>101.313.552</u>
		<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>8.447.427</b>
			<b>3.558.512</b>
<b>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		1.150.268	114.830
Vaxtagjöld .....		(3.284)	(13.422)
Gengismunur .....		(180.800)	267.282
		<u>966.184</u>	<u>368.690</u>
		<b>Hagnaður ársins</b>	<b>9.413.611</b>
	5	<u><u>9.413.611</u></u>	<u><u>3.927.202</u></u>

# Efnahagsreikningur

---

## Eignir

	Skýr.	2022	2021
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....	4	1.682.122	30.000
Handbært fé .....		33.133.994	27.893.887
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>34.816.116</u>	<u>27.923.887</u>

**Eignir samtals** 34.816.116 27.923.887



## 31. desember 2022

---

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2022	2021
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	5	<u>24.691.359</u>	<u>15.277.748</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>24.691.359</u>	<u>15.277.748</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....	6	<u>10.124.757</u>	<u>12.646.139</u>
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>10.124.757</u>	<u>12.646.139</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>10.124.757</u>	<u>12.646.139</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>34.816.116</u></u>	<u><u>27.923.887</u></u>

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um samtökin

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórn mála flokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Lögheimili félagsins er að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning.

Gengi í árslok:

	<u>31.12.2022</u>	<u>31.12.2021</u>
EUR .....	151,50	147,60

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

### Tekjur

Tekjur af félagsgjöldum og styrktarauglýsingum er færðar þegar þær eru greiddar.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

# Skýringar

## 3. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Laun .....	61.201.292	54.263.932
Lífeyrissjóður .....	7.633.768	6.648.626
Önnur launatengd gjöld .....	7.492.831	6.056.452
Yfirfært á umsjón með verkefnum .....	(7.859.315)	(5.577.900)
Laun og launatengd gjöld alls .....	<u>68.468.576</u>	<u>61.391.110</u>

Að meðaltali störfuðu um 6 starfsmenn hjá félaginu á árinu, líkt og árið á undan.

## 4. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2022	2021
Félagsmálaráðuneytið, leigjendaaðstoð 4. ársfj. 2022 .....	1.625.000	0
Aðrar skammtímakröfur .....	57.122	30.000
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>1.682.122</u>	<u>30.000</u>

## 5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1/1 .....	15.277.748
Afkoma ársins .....	9.413.611
Eigið fé 31/12 .....	<u>24.691.359</u>

## 6. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2022	2021
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	8.191.607	6.793.421
Aðrar skammtímaskuldir .....	636.593	864.448
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	0	3.500.000
Fyrirframinnheimt vegna ECC verkefnis .....	1.296.557	1.488.270
Aðrar skammtímaskuldir samtals .....	<u>10.124.757</u>	<u>12.646.139</u>

# Skýringar

---

## 7. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamning um húsnæði sem starfsemi þess er í. Samningurinn er vísitölutengdur og er ótímabundinn með 6 mánaðar uppsagnarákvæði. Leigugreiðslur námu 6,9 millj. kr. á árinu 2022 og eru þær færðar meðal húsnæðiskostnaðar í rekstrarreikningi. Skuldbinding vegna leigusamningsins nemur um 2,9 millj. kr. vegna ársins 2023.

## 8. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2022.

# Sundurliðanir

	2022	2021
<b>Tekjur af aðalstarfsemi</b>		
Innheimt félagsgjöld ársins.....	49.950.300	49.358.500
MVF.....	21.000.000	21.000.000
Fræðsla um réttindi og skyldur í netverslun, styrkur..	13.000.000	0
Leigjendaaðstoð.....	6.500.000	6.500.000
Leigjendaaðstoð tilraunaverkefni .....	3.500.000	3.500.000
	<u>93.950.300</u>	<u>80.358.500</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>		
Seldar styrktarlínur.....	11.944.500	12.807.500
Seld áskrift.....	395.011	321.000
Aðrir styrkir og leigutekjur.....	3.532.083	7.477.950
Vegna ECC.....	(5.167.207)	(3.907.113)
	<u>10.704.387</u>	<u>16.699.337</u>
<b>Tekjur vegna ECC verkefnis</b>		
Styrkir ríkisins vegna ECC verkefnis.....	5.167.207	3.907.113
Styrkir frá ESB vegna ECC verkefnis.....	5.167.207	3.907.114
	<u>10.334.414</u>	<u>7.814.227</u>
<b>Kostnaður vegna ECC verkefnis</b>		
ECC verkefni, ferðakostnaður.....	343.158	0
ECC verkefni, laun og launatengd gjöld.....	7.859.315	5.577.900
ECC verkefni, annar kostnaður.....	2.131.941	2.236.327
	<u>10.334.414</u>	<u>7.814.227</u>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun.....	61.201.292	54.263.932
Ökutækjastyrkur.....	160.000	150.000
Dagpeningar.....	16.180	78.000
Áunnið orlof, breyting.....	744.822	571.532
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	7.633.768	6.648.626
Sjúkra-, orlofs-, & endurmenntunarsjóður.....	794.315	719.591
Tryggingagjald.....	4.381.189	3.724.821
Annar starfsmannakostnaður.....	1.396.325	812.508
Yfirfært á ECC verkefni.....	(7.859.315)	(5.577.900)
	<u>68.468.576</u>	<u>61.391.110</u>

# Sundurliðanir

	2022	2021
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
<i>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:</i>		
Sími og burðargjöld.....	849.433	873.300
Pappír, prentun og ritföng.....	66.648	50.936
Auglýsingar og kynningarmál.....	126.399	227.575
Bókhalds- og launþjónusta.....	2.060.353	1.558.684
Endurskoðun.....	1.496.054	1.373.331
Önnur sérfræðiþjónusta.....	5.694.081	5.904.181
Aðkeyptur akstur.....	191.537	498.740
Viðhald áhaldna og rekstrarvörur.....	684.798	1.382.423
	<b>11.169.303</b>	<b>11.869.170</b>
<i>Erlent samstarf:</i>		
Erlent samstarf endurgreitt erlendis frá.....	(1.799.016)	(1.725.116)
Erlent samstarf, ferðakostnaður.....	666.799	22.182
Erlend félagsaðild.....	1.040.828	1.687.454
	<b>(91.389)</b>	<b>(15.480)</b>
<i>Innra starf og neytendamál:</i>		
Félags- og aðildargjöld.....	75.000	75.000
Fundakostnaður.....	203.410	129.366
Risna og gjafir.....	87.265	48.570
	<b>365.675</b>	<b>252.936</b>
<i>Tölvukostnaður:</i>		
Kostnaður vegna tölvu- og hugbúnaðar.....	1.283.050	2.262.916
Kostnaður vegna heimasíðu.....	317.930	1.304.345
	<b>1.600.980</b>	<b>3.567.261</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>13.044.569</b>	<b>15.673.887</b>

## Sundurliðanir

	2022	2021
<b>Útgáfu- og dreifingarkostnaður</b>		
NBL, prentun, hönnun, setning o.fl.....	2.452.811	2.557.057
NBL, dreifingarkostnaður.....	2.409.255	1.690.202
	<u>4.862.066</u>	<u>4.247.259</u>
<b>Húsnæðiskostnaður</b>		
Húsaleiga.....	6.969.604	10.431.288
Rafmagn og hiti.....	0	29.023
Vátryggingar.....	52.749	23.153
Hreinlætiskostnaður.....	630.258	695.268
Viðhald húsnæðis.....	1.378.252	241.515
	<u>9.030.863</u>	<u>11.420.247</u>

# Undirritunarsíða

Breki Karlsson

Auður Alfa Ólafsdóttir

Þórarinn Á Stefánsson

Sigurður Másson

Guðmundur Gunnarsson

Gunnar Alexander Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ingrid E Liselotte Viding

Ólafur Brynjólfur Einarsson

Pálmey Helga Gísladóttir



# Undirritunarsíða

Sigurlína G Sigurðardóttir

Stefán Hrafn Jónsson

Þórey Svanfríður Þórisdóttir

Brynhildur Pétursdóttir

Þuríður Hjartardóttir

Hólmfríður Sveinsdóttir

Ingunn Hafdís Hauksdóttir